

KIRKJUGARÐARÁÐ

137. fundur haldinn mánudaginn 15. desember 2016 Í húsnæði Minjastofnunar Íslands Suðurgötu 39

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjuþings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins,

Gestir fundarins: Guðný Gerður Gunnarsdóttir, starfsmaður Minjastofnunar Íslands og minjavörður höfuðborgarsvæðisins.

1. Setning fundar

Fundur settur kl:15:20. Fundargerðir síðustu funda ásamt fundargerð 133. fundar lagðar fram og samþykktar með smávægilegum breytingum.

2. Starfsemi Minjastofnunar Íslands

Kristín Huld sagði frá starfsemi stofnunarinnar í máli og myndum.

3. Verndarsvæði í byggð

Guðný Gerður gerði grein fyrir lögnum um verndarsvæði í byggð sem samþykkt voru á Alþingi 2. júlí 2015 og reglugerð með lögnum sem gefin var út 9. júní 2016 Fór Guðný Gerður yfir hlutverk Minjastofnunar Íslands í tengslum við lögin og reglugerðina.

4. Kirkjugarðasjóður – upplýsingar varðandi rekstur, skiptingu styrkja o.fl.

Framkvæmdastjóri hafði tekið saman upplýsingar varðandi rekstur sjóðsins á árunum 2011-2015, en þar kom m.a. fram að fastur kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verði svipaður á þessu tímabili þ.e. 37-43% og breytilegur kostnaður 1-2%. Styrkveitingar hafa verið 56-61%. Þórsteinn og Smári lögðu fram eftirfarandi bókun „*Við teljum nauðsynlegt að veita tímabundið aukinn styrk úr kirkjugarðsjóði til grafarsjóðs meðan ekki hefur fengist leiðrétting á grafargjaldinu vegna hækkunar prestskostnaðar úr grafarsjóði*”

5. Næsti fundur

Næsti fundur haldinn mánudaginn 13. febrúar.

6. Önnur mál

Undir liðnum önnur mál kvaddi Þórsteinn sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu:

Kirkjugarðaráð láti kanna lögfræðilega hvort tilefni sé til að stefna ríkinu fyrir vanefndir á samkomulagi um framlag úr ríkissjóði til kirkjugarða sem gert var á milli dóms- og kirkjumálaráðuneytis og kirkjugarðaráðs og undirritað 15. apríl 2005.

Fyrir liggur skýring með tillögunni.

Fundi slitið 17:50.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari